

Stofnanasamningur

milli Félags lífeindafræðinga og Landspítala um forsendur röðunar starfa.

1 Inngangur

Félag lífeindafræðinga og Landspítali gera með sér eftirfarandi stofnanasamning um forsendur og röðunar starfa sem tilheyra Félagi lífeindafræðinga við stofnunina, skv ákvæðum 11. kafla gildandi kjarasamnings. Samkomulag þetta er uppfærsla á stofnanasamningi í samræmi við niðurstöðu undirhóps, vegna áfangasamkomulags fjármála- og efnahagsráðherra og Félags lífeindafræðinga, frá 13. desember 2023 um fyrstu skref í jöfnun launa.

2 Gildissvið

Stofnanasamningur þessi nær til allra lífeindafræðinga á Landspítala sem starfa og njóta ráðningarkjara samkvæmt gildandi kjarasamningi Félags lífeindafræðinga og fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs. Þegar talað er um lífeindafræðinga í samningi þessum er átt við þá sem hafa rétt til að kalla sig lífeindafræðing samkvæmt leyfi frá Embætti landlæknis samkvæmt lögum um heilbrigðisstarfsmenn nr. 34/2012.

3 Framkvæmd röðunar og mats

Við framkvæmd á samningi þessum skal byggt á grunnforsendum kjarasamnings og horft til staðsetningar starfa í skipuriti stofnunarinnar, eðlis starfa, ábyrgðar og umfangs. Miða skal við að um sé að ræða viðvarandi /stöðugt verksvið. Röðun skal byggð á hlutlægum mælikvörðum eftir því sem unnt er.

4 Starfaflokkun og röðun, sbr. fylgiskjal 1:

<u>Starfaflokkur</u>	<u>Launaf. á bili</u>
Starfsmaður með B.Sc í lífeindafræði	080
Lífeindafræðingur A	090
Lífeindafræðingur B	100
Lífeindafræðingur C	10 -1
Lífeindafræðingur D	110-111-120
Lífeindafræðingur E.....	130
Sérfræðingsstarf.....	XX

Framangreind röðun miðast við 240 ECTS eininga grunnám lífeindafræðinga nema starfsmaður með B.Sc í lífeindafræði þar sem krafist er 180 ECTS eininga grunnáms.

Nánari lýsingar og skilgreiningar á starfaflokkun og starfsaldursviðmiðum er að finna í fylgiskjali 1, með samningi þessum. Vegna breytinga og þróunar á starfssviði lífeindafræðinga á Landspítala geta orðið til ný störf sem þarf að raða sérstaklega.

Vegna breytinga á starfsemi LSH geta orðið til ný störf sem ekki falla að starfaflokkun þessari sem þarf að raða sérstaklega. Leiði ný störf eða starfsemi til þess að forsendur þessa samnings teljist brostnar eða breyttar frá því sem nú er, skal samstarfsnefnd taka afstöðu til breytinga á röðunarreglum.

Gæta skal samræmis þegar störfum/starfsmönnum á mismunandi einingum Landspítala er raðað. Ákvörðun, sem tekin er um hvaða þættir hafa áhrif á laun og með hvaða hætti skal skoðast sem fordæmi gagnvart öðrum starfsmönnum, svo tryggt verði að þeir njóti jafnræðis.

Við deildarstjóra, aðstoðardeildarstjóra og sérfræðinga í lífeindafræði er samið sérstaklega og þar er tekið mið af sambærilegum störfum annarra innan stofnunarinnar.

Til viðbótar við röðun starfs skal taka mið af persónubundnum þáttum í starfi, sbr. nánar gr. 5 hér á eftir.

5 Persónubundnir þættir til ákvörðunar um viðbótarþætti

Viðbótarnám umfram grunnkröfu starfs sjá nánar fylgiskjal 2 (hámark 6 þrep)

Viðbótarmenntun - að lágmarki

30 ECTS einingar eða 180 kennslustundir 1 þrep¹

60 ECTS einingar eða 360 kennslustundir 2 þrep

Meistarapróf (90-120 ECTS) 4 þrep

Doktorspróf (180 ECTS) 6 þrep

Samkvæmt þessu getur starfsmaður hækkað um allt að sex álagsþrep, til viðbótar við röðun starfs, vegna viðbótarnáms umfram grunnkröfu starfs, sbr. nánar skilyrði mats samkvæmt fylgiskjali 2. Grunnmenntunarkrafa sérfræðingsstarfs er meistarapróf.

Einingar milli prófgráða eða frá grunnkröfu starfs skulu aldrei tvítaldar við mat á námi.

Starfsmaður sem hefur áunnið sér hækkun, vegna persónubundinna þátta o.fl., ofan á grunnlaunatölu launaflokks sem er umfram átta álagsþrep færast í næstu launatölu í næsta launaflokki fyrir ofan.

6 Mat á sérstökum og / eða tímabundnum verkefnum

Lífeindafræðingur D/E sem gegnir stöðu eininga-/aðferðastjóra raðast einu þrepi ofar en ella.

Lífeindafræðingur D/E sem gegnir stöðu eininga-/aðferðastjóra með stóra starfsstöð, gæðastjóri deildar, tölvulífeindafræðingur deildar raðast tveimur þrepum ofar en ella.

7 Vaktavinna og næturvinna

Lífeindafræðingar sem eru vaktavinnumenn á rannsóknarkjarna og ganga vaktir bæði í Fossvogi og á Hringbraut raðast einu þrepi ofar en ella.

Sé gert ráð fyrir að 50% af fullu starfi eða meira sé unnið að næturlagi, þ.e. á tímabilinu 23:00 til 08:00, skal þess sérstaklega getið í starfslýsingu og ráðningarsamningi (eða breytingatilkynningu) við viðkomandi starfsmann. Ef gert er ráð fyrir að **50-59%** af fullu starfi sé unnið á þennan hátt

¹ Starfsmaður með B.Sc í lífeindafræði á kost á því að fá 1 þrep hafi viðkomandi lokið 30 ECTS einingum af diplomanámi. Ekki er kostur á öðrum þrepum vegna viðbótarmenntunar.

greiðist álag sem nemur **fjórum** (4) álagsþrepum. Sé hins vegar gert ráð fyrir að **60%** eða meira af fullu starfi sé unnið að næturlagi greiðast **fimm** (5) álagsþrep.

8 Réttur til endurmats á röðun

Telji starfsmaður að honum sé ekki rétt raðað miðað við fyrirbyggjandi forsendur á hann rétt á að fá röðun sína endurmetna. Ágreiningsmálum skal skotið til samstarfsnefndar, sbr. 11. kafla kjarasamnings.

9 Gildistaka

Samningur þessi gildir frá og með 1. september 2023.

Ný launaröðun er færð inn í mannauðs- og launakerfi frá og með 1. janúar 2024 en tímabilið 1. september – 31. desember 2023 er útfært með eingreiðslu sbr. fundargerð með stofnanasamningi dags 12. janúar 2024.

Reykjavík 12. janúar 2024

f.h. Landspítala

f.h. Félags lífeindafræðinga

Fylgiskjal 1

Starfaflokkun

Við ákvörðun um röðun starfa innan þess svigrúms sem um er að ræða skal taka tillit til staðsetningar starfs í skipuriti, eðlis starfsins, ábyrgðar og umfangs og miða við að um sé að ræða viðvarandi /stöðugt verksvið, sbr. 2.gr. hér að framan um forsendur röðunar.

Nánar um starfaflokkun sbr. gr. 3

Starfsmaður með B.Sc í lífeindafræði:

Hefur lokið B.Sc í lífeindafræði. Er í viðbótardiplóma- eða meistaranámi. Er byrjandi í starfi og nýtur tilsagnar eða bakvaktar reynds fagaðila við störf sín eftir þörfum og starfar sjálfstætt að því marki sem yfirmaður ákveður.

Lífeindafræðingur A:

Er byrjandi í starfi. Nýtur tilsagnar eða bakvaktar reynds fagaðila við störf sín eftir þörfum og starfar sjálfstætt að því marki sem yfirmaður ákveður.

Lífeindafræðingur B:

Kominn vel á veg. Starfar sjálfstætt án beinnar tilsagnar og tekur þátt í þróun starfs á sinni einingu. Metur árangur starfsins og þeirra verkefna sem hann sinnir. Tekur þátt í að leiðbeina samstarfsfólki og nemendum.

Lífeindafræðingur C:

Er fær í starfi. Stjórnar, ákveður, skipuleggur og framkvæmir starf sitt og þau verkefni sem því fylgja. Skipuleggur og veitir fræðslu, auk þess að leiðbeina samstarfsmönnum og nemum. Tekur virkan þátt í þróun fags á sinni einingu og er þátttakandi í gæðastarfi. Hefur umsjón með starfsstöð/deild utan dagvinnutíma þar sem það á við. Skipuleggur störf annarra starfsmanna og útteilir verkefnum. Skipuleggur og veitir fræðslu til sjúklinga/skjólstæðinga og aðstandenda.

Lífeindafræðingur D:

Er mjög vel fær í starfi. Skipuleggur kennslu nemenda og leiðbeinir starfsfólki og nemum. Er fulltrúi deildar, sviðs eða stofnunar í stjórnun, nefndum og ráðum sem vinna að málefnum skjólstæðinga og sjúkrahússins.

Lífeindafræðingur E:

Sérfræðingur í tiltekinni fræðigreini á fagsviði starfs og hefur að öllu jöfnu meistaraþróf. Innleiðir nýjungar, stýrir gæðastarfi og rannsóknarvinnu á einingu í samráði við yfirmann. Stjórnar og skipuleggur starfsemi/þjónustu/rannsóknir í samræmi við sýn og stefnu LSH. Metur árangur í starfsemi. Er ráðgefandi varðandi sérhæfðar rannsóknir. Skipuleggur kennslu á sérsviði sínu. Ber ábyrgð á þróun fagsins/þjónustunnar/ rannsókna sem veittar eru á deild, sviði eða stofnun í samráði við framkvæmdastjóra eða deildarstjóra. Er leiðandi í gagnreyndum starfsháttum og innleiðir nýjungar í rannsóknum/þjónustu/fagi.

Sérfræðingsstarf:

Starf samkvæmt sérstakri starfslýsingu þar sem gerð krafa um sérfræðileyfi í viðkomandi fræðigreini á fagsviði starfs. Viðkomandi

starfsmaður hefur meistara- eða doktorsnám að baki og skal hafa leyfi ráðuneytis til að kalla sig sérfræðing í viðkomandi fræðigrein. Nánari skilgreiningu starfs er að finna í starfslýsingu.

Deildarstjóri:

Starfið felst fyrst og fremst í stjórnun, áætlanagerð og samhæfingu við stefnu stofnunar, sbr. nánar starfslýsingu stofnunar.

Fylgiskjal 2

Vinnureglur samstarfsnefndar varðandi mat á sí- og endurmenntun

Viðbótarnám/-menntun umfram grunnkröfu starfs – hámark 6 þrep

- **Viðbótarmenntun / Diplomapróf²** - Starfsmaður sem hefur aflað sér viðbótarmenntunar sem nemur 30 ECTS einingum³ eða 180 kennslustundum hækkar um eitt álagsþrep. Starfsmaður sem hefur aflað sér 60 ECTS eininga eða 360 kennslustunda, hækkar um eitt þrep til viðbótar. Hámarkshækkun vegna viðbótarmenntunar eru tvö þrep. Viðkomandi nám þarf að nýtast í viðkomandi starfi.
- **Meistarapróf** – (90-120 ECTS eininga meistarapróf umfram grunnkröfu starfs) Starfsmaður með meistarapróf eða annað meistarapróf til viðbótar við grunnkröfur starfs, hækki sem nemur fjórum álagsþrepum ef viðkomandi viðbótarnám nýtist í starfi. Launahækkun vegna viðbótarmenntunar kemur ekki til viðbótar við launahækkun vegna meistaraprófs. Hafi starfsmaður verið búinn að ávinna sér hækkun vegna viðbótarnáms þá hækkar hann um tvö til þrjú álagsþrep. Hámarkshækkun við mat á meistaraprófi eru fjögur þrep.
- **Doktorspróf** – (180 ECTS eininga doktorspróf umfram grunnkröfu starfs) Starfsmaður með doktorspróf í sínu fagi hækki sem nemur sex álagsþrepum ef viðkomandi viðbótarnám nýtist í starfi. Meistarapróf og viðbótarmenntun telst innfalið í doktorsprófi. Hækkun vegna meistaraprófs o.fl. kemur því ekki til viðbótar við þá hækkun vegna doktorsprófs er að framan greinir. Hafi starfsmaður verið búinn að fá hækkun vegna meistaraprófs hækkar hann um tvö álagsþrep.
- **Einingar milli prófgráða eða frá grunnkröfu starfs skulu aldrei tvítaldar**

Framkvæmd / gögn

Þegar sótt er um mat á viðbótarnámi eða annarri viðbótarmenntun til yfirmanns skal senda eftirfarandi til mannauðsráðgjafa sviðs.

- a. Lista yfir námskeið þar sem fram kemur heiti námskeiðs, tímafjöldi og dagsetningar.
- b. Ljósrit af skjali sem sannar þátttöku viðkomandi.
- c. Ef um er að ræða þátttöku í námskeiði: sundurliðun á fyrirlestrum, umræðum og öðru námsefni og lengd.
- d. Nám sem sérstaklega er ætlað viðkomandi fagaðila hjá viðurkenndri stofnun og gefur ákveðinn fjölda háskólaeininga skal metið.
- e. Umframeiningar þarf að skoða sérstaklega. Meta þarf hvað er skylda, hvað framhaldseiningar og hvað nýtist í starfi.

^{2 2} Starfsmaður með B.Sc í lífeindafræði á kost á því að fá 1 þrep hafi viðkomandi lokið 30 ECTS einingum af diplomanámi. Ekki er kostur á öðrum þrepum vegna viðbótarmenntunar.

³ Nám sem tekur eina viku eða minna skal aldrei metið til meira en tveggja ECTS eininga. Tólf kennslustundir skulu metnar til tveggja eininga ef nám er ekki samfellt, en þó aldrei fleiri eininga en sem nemur tveimur einingum á viku, og lágmarks kennslustundafjöldi sem metinn er eru 4 stundir eðs 2/3 ECTS ein.

Undirritunarsíða

Fh. Félags lífeindafræðinga
Alda Margrét Hauksdóttir



Undirritað af:
Alda Margrét Hauksdóttir
1802632339
Dags: 12.01.2024
Tími: 19:01:29
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 744820b1-
b9d4-4280-aa99-
1e4c34589f74

Fh. Landspítala
Atli Atlason



Undirritað af:
Atli Atlason
0810664429
Dags: 12.01.2024
Tími: 13:49:18
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 744820b1-
b9d4-4280-aa99-
1e4c34589f74

Fh. Landspítala
Sóley Snædís Stefánsdóttir



Undirritað af:
Sóley Snædís
Stefánsdóttir
3112733299
Dags: 15.01.2024
Tími: 12:30:03
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 744820b1-
b9d4-4280-aa99-
1e4c34589f74